

LANDMÆLINGAR ÍSLANDS

Ársskýrsla 2005



NATIONAL LAND SURVEY OF ICELAND
Annual Report 2005

Ávarp forstjóra



Á hæsta tindi

Árið 2005 var ár breytinga hjá Landmælingum Íslands. Nokkrir starfsmenn létu af störfum eftir langan starfsaldur, nýtt skipunir tók gildi og unnið var að lagabreytingum vegna nýrra áherslna í starfseminni. Stofnunin var mikið í umræðunni vegna kortaútgáfu, hæðarmælinga á hæsta tindi landsins og annarra áfanga sem náðust. Á sama tíma varð stofnunin fyrir harðri gagnrýni og fékk mikla umfjöllun fjölmiðla vegna samkeppnisárekstra og starfsmannamála. Í umræðunni lagði stofnunin áherslu á mikilvægi góðra korta og landupplýsinga sem munu skipta meira máli í framtíðinni en margir gera sér grein fyrir.

Á árinu 2005 var unnið að fjölbreyttum verkefnum hjá Landmælingum Íslands á sviði kortaútgáfu, kortasölu, landmælinga og fjarkönnunar. Kynntar voru fyrstu niðurstöður endurmælinga á landshnitakerfinu sem fóru fram árið 2004 og vöktu þær mikla athygli, ekki síst meðal jarðvísindamanna. Á sviði landmælinga var áfram haldið svokölluðum hallamælingum, en markmiðið með þeim er að til verði innan fárra ára eitt samræmt hæðarkerfi fyrir allt Ísland. Unnið var að skipulagi og

innri uppbyggingu IS 50V gagnagrunnsins sem er mikilvægt við endurskoðun og miðlun gagnanna í framtíðinni. Kortaútgáfan var með hefbundnum hætti og var gefið út nýtt sérkort af Suðvesturlandi í mælikvarða 1:75 000 sem er að mestu unnið úr IS 50V kortagögnunum. IS 50V gögnin komu auk þess mikið við sögu í ýmsum verkefnum einkaaðila s.s. vegna útgáfu glæsilegs Íslands Atlass og GPS leiðsögutækja fyrir bíla. Bæði þessi verkefni vöktu mikla athygli og vörumar seldust mjög vel.

Eins og mörg undanfarin ár byggjast allmörg verkefni Landmælinga Íslands á góðu samstarfi við aðrar ríkisstofnanir, sveitarfélög og fyrirtæki. Á árinu var undirritaður nýr samstarfssamningur við Umhverfisstofnun og hafa þá verið gerðir samningar við flestar stofnanir umhverfisráðuneytisins. Dæmi um vel heppnað samstarfsverkefni sem hefur verið í gangi undanfarin ár eru kaup á SPOT-5 gervitunglamyndum af öllu landinu. Því verkefni var fram haldið á árinu 2005 og er stefnt að því að ljúka myndatöku alls landsins á árinu 2006.

Landmælingar Íslands hafa lengi nýtt sér margvíslegan ávinning af þátttöku í samstarfi norrænna og evrópskra kortastofnana. Í september 2005 var ársþing EuroGeographics, samtaka korta- og fasteignastofnana, haldið í Reykjavík. Til þingsins buðu Landmælingar Íslands og Fasteignamat ríkisins. Það sem var efst á baugi á þessu þingi voru meðal annars umræður um hlutverk korta- og fasteignastofnana á alþjóðavettvangi og í hverju landi, en þar brennur ekki síst á innleiðingu væntanlegrar tilskipunar Evrópusambandsins um landupplýsingar sem nefnist INSPIRE. Einnig var rætt um hvernig hægt sé að auka og bæta aðgang almennings að landupplýsingum.

Starfsmenn Landmælinga Íslands og fulltrúar umhverfisráðuneytisins hafa undanfarin misseri undirbúið stofnunina fyrir væntanlegar breytingar á starfseminni. Mikilvægt er vera víðsýn og finna leiðir sem auka notkun á kortum og landupplýsingum í samfélaginu og einnig til að auka og bæta þau gögn sem í boði eru. Einnig er mikilvægt að tryggja að horft sé til langs tíma varðandi hlutverk og verkefni Landmælinga Íslands.



Magnús Guðmundsson



Address from the Managing Director

At the Top

The year 2005 saw changes at the National Land Survey of Iceland [NLSI]. Some employees left after years of employment, a new organizational chart was initiated and law amendments were proposed because of new emphasis in NLSI operations. The publication of new maps, the re-measuring of Iceland's highest summit and other important projects placed the institute in the news and at the same time it took on harsh criticism because of conflicting and competitive business interests, and because of personnel matters. NLSI emphasized in the discussions the importance of good and reliable maps and geographic information, which will become more and more important in the future.



NLSI was engaged in diversified activities in 2005, such as map publications, sales, surveying, and remote sensing. The first results of re-measurements in the coordinate system for the entire country, which took place in 2004, were issued and well noted and not least by earth scientists. In the field of land surveying the so-called geometric levelling was continued and the plan is to establish within a few years one uniform height reference system for Iceland. The management and internal structure of the IS 50V Database was further developed, which is important for the maintenance and disseminating of data in the future. Traditional map publication was continued and a new special map of Southwest Iceland on a scale of 1:75 000 was published. This mostly made use of the IS 50V Database which was also used much by private parties, such as in the excellent publication of Íslands Atlas and GPS positioning equipment for cars. Both these projects aroused much interest and the products sold very well.

As they have done in past years, NLSI's many projects rely on co-operation with other government institutes, municipalities, and companies and many joint agreements have been signed. Last year a new collaboration agreement was entered into with the Environment

and Food Agency which means that agreements with most institutes of the Ministry for the Environment have now been signed. An example of a successful joint effort which has been operative for the last few years is the purchasing of SPOT-5 satellite images of all Iceland. This project was continued in 2005 and is expected to conclude for all of Iceland in 2006.

NLSI has long cooperated successfully with other Nordic and European National Mapping Institutes. In September 2005 the General Assembly of EuroGeographics, the association of National Mapping and Cadastral Institutes, was held in Reykjavík. NLSI and the Land Registry of Iceland jointly invited to this conference. Among points of special interest were debates on the international and national roles of land surveys and registries. In this respect the introduction of a prospective directive by the European Community regarding geographic information called INSPIRE was of particular interest. Also of interest was how to increase and improve accessibility by the general public to geographic information.

Members of staff at the National Land Survey of Iceland and representatives from the Ministry for the Environment have in recent years prepared the institute for future changes in its operations. A broad perspective is essential to find more ways to increase the use of maps and other geographic information in our society and to augment and improve the data already available. It is also important to look to NLSI's future role and long term thinking.

Magnús Guðmundsson



*Stjórn og framkvæmdastjóri EuroGeographics, september 2005.
Management Board and Executive Director of EuroGeographics, September 2005.*



Starfsmannamál


Á árinu 2005 urðu töliverðar breytingar í starfsmannamálum hjá LMÍ. Átta starfsmenn létu af störfum og starfsmannaveita, sem var mjög lág árið áður, fór í 26%. Óvenju mikið var um barneignir en fimm starfsmenn fóru í barneignarleyfi og setti það meðal annars svip sinn á starfsumhverfi stofnunarinnar. Ársverk



voru 30,6 og í lok árs 2005 störfuðu 30 einstaklingar hjá stofnuninni.

Góður starfsandi er mikilvægur á vinnustöðum og í maí héldu starfsmenn í Bláa Lónið og hlýddu þar meðal annars á fyrirlestur Eypórs

Eðvarðssonar vinnusálfræðings um samstarf og samskipti á vinnustað. Í sömu ferð var hið framsækna fyrirtæki Össur hf. í Reykjavík heimsótt þar sem starfsmenn fræddust um fyrirtækið og starfsemi þess.



Hjá LMÍ hafa viðhorfskannanir verið gerðar reglulega síðan árið 2001. Í viðhorfskönnun, sem gerð var í lok nóvember 2005, kom fram að almennt er starfsfólk ánæggt með starf sitt og starfsanda hjá stofnuninni. Af þeim 85% starfsmanna sem þátt tóku í könnuninni sögðust 88% vera mjög eða frekar ánægðir með starf sitt og 92% sögðu starfsandann mjög eða frekar góðan. Í könnuninni kom einnig fram að 75% eru mjög eða frekar ánægðir með þau tækifæri sem eru til endurmenntunar hjá LMÍ.

Á undanförmum árum hefur verið lögð áhersla á heilsueflingu með niðurgreiðslu á hvers konar líkamsrækt, sem mælst hefur mjög vel fyrir. Góð hreyfing og heilbriggt lífferni stuðla að góðri heilsu og vellíðan og eiga sinn þátt í því að fjarvera vegna veikinda hefur ekki verið mikil hjá stofnuninni.



Svavar B. Pálsson, sá starfsmaður sem lengst hefur starfað hjá LMÍ, lét af störfum í lok desember 2005. Svavar hóf störf hjá stofnuninni 1. júní 1960 og átti því 45 ára starfsafmæli á síðasta sumri. Honum var treyst til mikilla ábyrgðastarfa og um árabíl var hann deildarstjóri kortadeildar. Hjá LMÍ er mikil eftirsjá í Svavari og eru honum þökkúð farsæl störf hjá stofnuninni í 45 ár.

Personnel

2005 saw changes in personnel at the National Land Survey of Iceland. Eight employees left and staff turnover, which had been small the year before, reached 26%. Many babies were born to members of staff in the year and five employees took parental leave which put its mark on the working environment. Full-time equivalent positions were 30.6 and at year-end 31 were employed at NLSI. Good collegial atmosphere is important for all working environment and in May the employees visited the Blue Lagoon where they - among other things - attended a lecture by Work Psychologist Eypór Eðvarðsson about cooperation and staff relations in the workplace. Later this same day the employees visited Össur hf, a notably progressive firm in Reykjavík and were informed about its overall operations.

Employee opinion surveys have been carried out regularly at NLSI since 2001. In one of these, at the end of November last year, it was clear that employees are generally pleased with their work and the working atmosphere. 85% of the staff participated in the survey and 88% said they were "very pleased" or "rather pleased" with their work,

and 92% felt the working atmosphere was "very good" or "rather good". The survey also revealed that 75% are very or rather pleased with the opportunities they have for re-education and training at NLSI. In recent years NLSI has subsidized the cost of attending physical fitness centres for its staff, which has been very well received. Regular exercise and a healthy life-style contribute to good health and general well-being, which has had its say in less sick leave at NLSI.

Svavar B. Pálsson retired from his position at NLSI at the end of 2005. He was employed by NLSI for more than 45 years, longer than any other employee. Mr Pálsson had been entrusted with many positions of responsibility and for a number of years he was head of the mapping division. We shall miss him very much, and his successful work at NLSI for the last 45 years is much appreciated.




Nýtt skipurit

Þann 1. maí 2005 tók gildi nýtt skipurit hjá stofnuninni en því er ætlað að gera daglega stjórnun Landmælinga einfaldari og auka hagkvæmni í rekstri. Starfseminni er nú skipt í tvö kjarnasvið, landupplýsingasvið og mælingasvið, auk fimm stoðmálaflokka sem vinna þvert á kjarnasviðin. Nýja skipuritið endurspeglar þær breytingar sem eru að verða í lagaumhverfi stofnunarinnar og þær áherslur sem gert er ráð fyrir að verði í starfsemi Landmælinga Íslands á næstu árum. Á meðfylgjandi mynd má

sjá hið nýja skipurit Landmælinga Íslands, en gert er ráð fyrir að samkeppnisrekstur muni verða falinn einkafyrirtæki fyrir árslok 2006 með útboði á kortalager og réttindum til útgáfu prentaðra korta.

Skipurit Landmælinga Íslands frá 1. maí 2005



New Organizational Chart

As of May 1, 2005 a new organizational chart was effective at the National Land Survey of Iceland. It is intended to make daily management of NLSI simpler and to improve organizational efficiency. NLSI operations are now divided into two core Departments the GIS and Surveying Departments, with five supporting categories which

transverse the core divisions. This plan reflects changes to come in the institute's legal foundation and emphasis. The diagram shows the new organizational chart. Competitive operations are expected to be sold from NLSI before year-end 2006.



Árspaning EuroGeographics 2005

Dagana 11.-14. september 2005 var árspaning EuroGeographics, samtaka korta- og fasteignastofnana í Evrópu haldið á Nordica Hotel í Reykjavík. Til þingsins buðu sameiginlega Landmælingar Íslands og Fasteignamat ríkisins og sóttu um 85 fulltrúar frá 30 löndum í Evrópu þingið. Árspaning EuroGeographics eru haldin til skiptis í þátttökulöndunum en þetta er í fyrsta skipti sem þingið er haldið hér á landi. Starfsemi Eurogeographics er mjög fjölbreytt, allt frá því að vera samráðsvettvangur landanna á fagsviðum stofnananna og farvegur fyrir mikilvæg samstarfsverkefni s.s. landmælingar, gæðamál, höfundarétt og vinnslu stafrænna gagnasafna af Evrópu.

Það sem var efst á baugi á þessu þingi voru meðal annars umræður um hlutverk korta- og fasteignastofnana á alþjóðavettvangi og í hverju landi, en þar brennur ekki síst

á innleiðing á væntanlegri tilskipun Evrópusambandsins um landupplýsingar sem nefnist INSPIRE. Einnig var rætt um hvernig hægt sé að auka og bæta aðgang almennings að landupplýsingum og hvernig einkafyrirtæki geta tekið þátt í slíkum verkefnum með opinberum aðilum. Einnig varð talsverð umræða um aukið vægi fasteignastofnana í EuroGeographics og hlutverk þeirra við að samræma skráningu lands og fasteigna í allri Evrópu.

Á þinginu var Magnús Guðmundsson forstjóri Landmælinga Íslands kosinn í stjórn samtakanna til næstu tveggja ára.



EuroGeographics General Assembly 2005

On September 11 – 14, 2005, the Annual EuroGeographics General Assembly was held at Nordica Hotel, Reykjavík. The conference was jointly organized by NLSI and the Land Registry of Iceland. It was attended by about 85 representatives from 30 European countries. Annual conferences of the National Mapping and Cadastral Institutes are held alternately in the member countries and this was the first time for Iceland. EuroGeographics activities are very varied, from being a platform for consultation of member countries in different fields of institute expertise, and a channel for important joint projects for instance in connection with surveying, quality matters, and copyrights, to the making and processing of digital databases for Europe.

Among points of special interest at this conference were debates about the international and national roles of National Mapping and



Cadastral Institutes. In this respect the introduction of a prospective directive from the European Community regarding geographic information called INSPIRE was of particular interest. Also of interest was how to increase and improve accessibility by the general public to geographic information, and how privately run firms may participate in such projects along with public institutes. Considerable discussion also took place about the increased importance of land registries in EuroGeographics and their roles in coordinating registration of land and real estate in all of Europe.

At the conference Magnús Guðmundsson, Managing Director of the National Land Survey of Iceland, was elected to the EuroGeographics Board for the next two years.

Frumvarp um landmælingar og grunnkortagerð

Á árinu 2005 var unnið að frumvarpi um endurskoðun laga um starfsemi Landmælinga Íslands, landmælingar og grunnkortagerð. Í frumvarpinu er sérstaklega kveðið á um að Landmælingar Íslands dragi sig út úr samkeppnisrekstri sem verið hefur sérstök eining hjá stofnuninni frá úrskurði Samkeppnisráðs þar um árið 2000.

Þetta er gert til að draga úr núningi við fyrirtæki á einkamarkaði, sem hafa nú á mörgum sviðum bolmagn til að reka þá starfsemi sem áður var einungis á færi ríkisins. Einnig er í frumvarpinu með skýrari hætti en áður talið upp hver eigi að vera verkefni stofnunarinnar en mjög mikilvægt er að Landmælingar Íslands fái skýran lagagrundvöll. Ljóst er að áherslur í starfsemi stofnunarinnar munu breytast nokkuð við samþykkt frumvarpsins og hafa skipulagsbreytingar innan Landmælinga Íslands endurspeglad þá þróun. Þar hefur starfsemi á fagsviðum, þ.e. landmælingum og landupplýsingum, verið eflad en dregið úr afli við útgáfu- og sölumál. Einnig er ljóst að áhersla á gæða- og varðveislumál mun aukast á næstu árum og aukin krafa er á að almenningur hafi góðan aðgang að kortum á vefnum.



Með tilliti til þess hvaða þróun er að verða í landupplýsingamálum á vettvangi Evrópusambandsins er ljóst að heildarhagsmunum Íslands á þessu sviði er best borgið með því að ríkið tryggji tilvist og aðgengi að landfræðilegum grunnögnum, samræmi í gerð þeirra og lágmarksgæði. Samkvæmt frumvarpinu er Landmælingum Íslands ætlað að vera leiðandi á þessu sviði og fara svipaðar leiðir og reynst hafa vel á hinum Norðurlöndunum þar sem kortastofnanir eru hluti af undirstöðum upplýsingasamfélagsins.

Bill of Law Regarding Land Surveying and Basic Mapping

In 2005 revision of a bill of law regarding the operations of the National Land Survey of Iceland, land surveying and mapping was undertaken. There it is stipulated that NLSI withdraw from its competitive operations which have belonged in a special division since a ruling by the Competition Council in 2000. This is done to diminish possible conflict with private firms which now have in many fields the means to undertake operations which only the State could do before. It will also be more clearly stated than before which tasks NLSI shall undertake as it is important it has a clear legal base to work from. It is evident that emphasis in NLSI operations will change somewhat when the bill has been passed as an Act by the Legislative Assembly, and organizational changes within the NLSI have reflected this development. Operations within its fields of expertise, i.e. land

surveying and geographic information, have been strengthened and publications and sales have been scaled back. It is also clear that more emphasis will be placed on questions of quality and preservation in the next few years.

Bearing in mind expected developments in the fields of geographic information within the European Community, it is obvious that Iceland's overall interests are best looked after by the State ensuring the existence and accessibility of basic data, conformity in preparing geographic information, and quality. The bill reveals that the National Land Survey of Iceland is expected to lead the way in this field and to operate along ways that have proved successful in the other Nordic Countries where national land surveys operated by the State are parts of the foundations of the information community.



Stafræn gagnasöfn

IS 50V—útgáfa 1.1

Stafræni gagnagrunnurinn IS 50V (mkv. 1:50 000) er stöðugt í endurskoðun og vinnsla hjá Landmælingum Íslands. Á árinu 2005 var gert sérstakt átak í að skilgreina og skipuleggja gagnagrunninn sem allra best til að auðvelda alla vinnu og gæðaeftirlit í framtíðinni. Grunnurinn skiptist í eftirfarandi sjö lög sem ná til alls Íslands: hæðarlínur, vatnafar, samgöngur, mannvirki, yfirborð, mörk og örnefni. Á árinu 2005 var unnið að einhverjum lagfæringum á öllum lögum gagnagrunnsins. Sérstök áhersla var lögð á að taka inn ný gögn um yfirborð sem bást frá Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri sem að mestu voru unnin eftir gervitunglamyndum. Nýju yfirborðsgögnin voru tengd eldri gögnum og þekur yfirborðslagið nú um 75% landsins. Strandlína var einnig endurnýjuð við alla þéttbýlisstaði en víða hafa orðið talsverðar breytingar vegna landfyllinga og vegaf framkvæmda á þeim svæðum. Við gerð nýrrar strandlínu



var stuðst við loftmyndir og Spot-5 gervitunglamyndir sem henta mjög vel við margvíslega endurskoðun IS 50V kortagagna. Í lok ársins 2005 var hafist handa við að endurskoða og uppfæra mannvirki í IS 50V gagnagrunninum og verður þéttbýlasta svæðið á Suður- og Vesturlandi unnið fyrst. Þá var einnig unnið að endurskoðun og lagfæringum á vegagögnum IS 50V en þau eru í mikilli notkun meðal annars í GPS leiðsögutækjum sem njóta mikilla vinsælda.

IS 500V

Stafræni gagnagrunnurinn IS 500V (mkv. 1:500 000) er heildar-gagnasett af landinu sem er í notkun í fjölmörgun stofnunar- og fyrirtækjum hér á landi. Gagnagrunnurinn er byggður upp af 6 lögum sem eru: vatnafar, samgöngur, hæðarlínur, þéttbýli, örnefni og stjórmsýslumörk. Á árinu 2005 voru gerðar hefðbundnar lagfæringar og endurskoðanir á IS 500V en mest áhersla var lögð á endurskoðun þéttbýlis og vega.

IS 2000V

Eitt útbreiddasta stafræna kort Landmælinga Íslands er kort sem kallað er IS 2000V (mkv. 1:2 000 000). Það er mjög vinsælt sem yfirlitskort meðal fyrirtækja og stofnana og oft notað til að sýna dreifingu á þjónustu þessara aðila. Kortið er uppfært á hverju ári og er aðallega afhent sem Freehand skjal eða á rastaformi.

Rastakort

Flest útgefin kort Landmælinga Íslands er hægt að fá á kortadiskum stofnunarinnar á lokuðu formi en einnig er hægt að nálgast þau upprétt á tiff formi. Þau eru mjög vinsæl á þessu sviði og ómetanleg sem bakgrunnur við vinnslu landupplýsinga. Á árinu 2005 var í fyrsta skipti veittur aðgangur að AMS kortum í mælikvarðanum 1:50 000 á þessu formi.

Digital Databases

IS 50V - Edition 1.1

Edition 1.1 of the IS 50V Database was published this year with some changes in all layers. NLSI received new surface data from the Agricultural University of Iceland. This data covers Snæfellsnes Peninsula (SPOT-5) and Northeast and South Iceland (Landsat 7). The new surface data was linked with older materials and now the surface layer covers some 75% of the country. A new coastline appears at all urban areas. The data was based on aerial photographs and SPOT-5 satellite images. At year-end the IS 50V structures layer was upgraded with assistance from a contractor. IS 50V road data was also revised, in particular as this is much used in GPS equipment for vehicles.

IS 500V

Annual upgrading of the structures layer in IS 500V was carried out and that of municipal boundaries. New roads and road alterations were

added to the latest upgrade. The database consists of the following layers: Hydrology, contour lines, transportation systems, administrative boundaries, place-names and urban areas.

IS 2000V

One of the most widely distributed digital map from NLSI is a map called IS 2000V. It is very popular with firms and institutes as an overall map of their operative locations. The map is upgraded annually and generally delivered on a FreeHand or raster formats.

Raster Maps

Most maps published by NLSI are available as CDs in a closed format and are also available in a geo-referenced Tiff format. These are very popular and invaluable as a base for processing geographic information. In 2005 access was for the first time granted to AMS maps on a scale of 1:50 000 in this format.



Aðgengi að gögnum

Landlýsing


Á árinu 2005 voru fimm ár liðin síðan Lýsigagnavefurinn Landlýsing var opnaður á Netinu. Markmið verkefnisins er meðal annars að skrá, samræma skráningar og miðla upplýsingum um landfræðileg gagnasöfn hjá stofnunum, sveitarfélögum og fyrirtækjum hér á landi. Verkefnið er unnið í samstarfi LÍSU-samtakanna og Landmælinga Íslands sem fjármagna verkið, leggja til starfsmenn og vista vefinn, en þriggja manna fagráð stjórnar verkefninu. Öll starfsárin hefur verið miðað við að ná inn u.þ.b. 20 nýskráningum á hverju ári og hefur það ávallt gengið eftir. Nú eru á vefnum landfræðileg lýsigögn fyrir 132 gagnasöfn frá 25 stofnunum, sveitarfélögum og fyrirtækjum.

Í byrjun hvers árs er haldinn samráðsfundur með fulltrúum allra þeirra sem eiga upplýsingar í Landlýsingu, þar sem farið er yfir helstu mál sem vinna þarf að. Til fundarins er boðið tengiliðum verkefnisins frá þeim 25 stofnunum og sveitarfélögum sem eiga upplýsingar í Landlýsingu, auk fagráðsins og starfsmanna við verkefnið. Vefurinn Landlýsing er á vefslóðinni www.lmi.is/landlysing



Nýr kortaskjár

Aðgengi að kortum fyrir almenning er sífellt að aukast á vef LMÍ og á árinu 2005 var nýr Kortaskjár opnaður en hann leysti af hólmi eldri útgáfu af þessari þjónustu. Nýi Kortaskjárinn



inniheldur vektorkort sem að mestu er byggt á IS 500V gagnagrunninum og er hægt að gera fyrirspurnir í hann og kveikja og slökva á þeim lögum sem kortið er gert úr. Ef þysjað er inn í kortið birtast Atlaskort Landmælinga, en þau kort eru enn í dag nákvæmstu prentuðu kort sem stofnunin á yfir allt landið.

Nýjung í Kortaskjánnum er örnefnaleit, en með henni er hægt að leita í IS 50V gagnagrunni Landmælinga að örnefnum og eru þau um 43.000 talsins. Með því að smella á niðurstöðu nafnaleytar miðjast kortin á skjánum yfir þann stað sem leitað er að. Kortaskjárinn er á vefslóðinni <http://kortaskjar.lmi.is>

Access to Data

Metadata

In 2005 it was five years since the Landlýsing-Metadatabase was made accessible on the Internet. The aim of the project was among other things to register, match and disseminate information about spatial data holdings between institutes, municipalities and companies in Iceland. This is a joint project of the LISA-Association and the National Land Survey of Iceland (NLSI) which fund the task, bring in necessary staff and maintain the website. A three-member committee manages the project. The aim has been to introduce ca 20 new features annually and this has been achieved so far. The website now has geographical metadata for 132 databases from 25 institutes, municipalities and companies.

At the beginning of each year representatives from those who have provided data for the Landlýsing-Metadatabase come together for consultation, and matters requiring attention are dealt with. The meeting is attended by people from the 25 institutes and municipalities

which have provided data for the database, as well as by committee members and project staff. The Landlýsing website is at www.lmi.is/landlysing

New Map Window

Visits to the NLSI website are increasing in number, and in 2005 a new map window was opened. This map window has a vector data map mostly based on the IS 500V Database. Enquiries can be made and individual layers may be activated or deactivated. If one zooms into the map the NLSI's Atlasmáps will appear. These kinds of maps are still the NLSI most precise printed maps of the whole country.

A new feature of the map window is the place name layer where one may search NLSI's IS 50V database for 43,000 place names entries. By clicking the result of the place name search, the map appearing in the window will have the place being looked for appearing in its centre. The window website is at <http://kortaskjar.lmi.is>



Landmælingar


Hæðarkerfið

Eins og mörg undan farin sumur var unnið að gerð nýs heildstæðs hæðarkerfis fyrir allt Ísland með hallamælingum í samvinnu við Landsvirkjun og Vegagerðina. Að þessu sinni var áhersla lögð á að tengja mælingarnar frá fyrri sumrum við sjávarfallamæla. Tengdir voru sjávarfallamælar á Húsavík, Dalvík og Skagaströnd en einnig var lokið við hluta af leiðinni til Grindavíkur um Suðurstrandaveg. Sumarið 2005 var ekki gott til hallamælinga vegna slæms veðurs og töfðust mælingarnar oft vegna þess, en einungis náðist að hallamæla um 170 km þetta árið. Einnig var haldið áfram að GPS- og þyngdamæla á hæðarkerkjum meðfram nýjum hallamælinum og gekk það verk ágætlega.

Um miðjan júní 2005 var haldin málstofa í Reykjavík á vegum Landmælinga Íslands, Landsvirkjunar, Vegagerðarinnar og NKG (Nordiska Kommissionen för Geodesi) um málefni sem tengjast hæðarkerfum. Þar komu saman sérfræðingar frá Íslandi og Kanada auk nokkurra annarra Evrópulanda og héldu erindi.

Grunnstöðvanetið

Á árinu 2005 var unnið úr niðurstöðum mælinga grunnstöðvanetsins sem fram fóru í ágúst 2004. Fyrstu niðurstöður voru gefnar út á árinu og m.a. kynntar á málstofu umhverfis- og byggingarverkfræðiskorar Háskóla Íslands, *Streitur jarðskorpu á Íslandi*. Þessar fyrstu niðurstöður hafa vakið mikla athygli og sýna fram á nauðsyn reglubundinnar endurmælingar grunnstöðvanetsins í framtíðinni.



Sigríður Anna Þórðardóttir, umhverfisráðherra, ásamt Guðmundi Valsyni og Þórunni Sigurðssyni (t.v.) á Hvannadalshnjúki í júlí 2005.

Mæling Hvannadalshnjúks

Í lok júlí 2005 fóru fram nýjar nákvæmar GPS landmælingar á hæsta tindri Íslands, Hvannadalshnjúki. Ný hæð tindsins er 2110 metrar (nákvæm tala 2109,6 m) en samkvæmt eldri mælingum hefur uppgæfin hæð tindsins undanfarna áratugi verið 2119 metrar.

Mælingarnar voru unnar undir forystu Landmælinga Íslands í samvinnu við Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands og Landhelgisgæslu Íslands. Greiðlega gekk að koma tækjum að og frá mælingastöðum og hjálpaði gott veður mikið til. Landhelgisgæslan sá um að flytja fólk og tæki með þyrllu meðan á mælingunum stóð og er Landhelgisgæslunni þakkað sérstaklega. Stefnt er að því að mæla hæð Hvannadalshnjúks reglulega í framtíðinni þar sem ljóst er að tindurinn fer lakkandi. Áætlað er að það verði gert á 10 ára fresti.

Land Surveying

The Height Reference System

As in past summers geometric levelling took place in cooperation with the National Power Company and the Public Roads Administration. This time emphasis was placed on linking surveys from previous summers to tide gauges. The metres at Húsavík, Dalvík and Skagaströnd were connected and a part of the way to Grindavík via the road along the South coast was also completed. Weather this summer was not favourable for geometric levelling and measurements were often delayed, and thus only some 170 km were completed. GPS-measurements and gravimetry were successfully continued at benchmarks along new geometric levelling lines.

